



Ársskýrsla

2017

Útanríkisráðherra



Hagsmunir sjálfstæðra ríkja verða seint tryggðir án öflugrar utanríkisþjónustu og góðs samstarfs við önnur ríki. Aukin hnattvæðing og sameiginlegar áskoranir hafa ekki dregið úr mikilvægi þess.

Ísland hefur átt því láni að fagna að geta varið efna-hagslega og pólitíska hagsmuni samhliða nánú samstarfi við nágrannaríkin, ekki síst þau norrænu. Fyrir lítið ríki eins og Ísland er þó mikilvægt að nýta fjármuni og starfsfólk eins vel og hægt er. Því lét ég það verða mitt fyrsta verk þegar ég tók við hlutverki utanríkisráðherra að gera úttekt á störfum utanríkisþjónustunnar til að kanna með hvaða hætti hagsmunagæslan verði best tryggð. Afraksturinn var 151 tillaga að breytingum sem settar voru fram í skýrslunni *Utanríkisþjónusta til framtíðar*.

Hagsmunagæsla okkar er víðtæk og fjölbætt. Á hverjum degi vinnur utanríkisþjónustan að því að veita íslenskum fyrirtækjum markaðsaðgang sem víðast, tryggja öryggi og varnir landsins í alþjóðlegu samstarfi og efla virðingu fyrir þjóðarétti og mannréttindum svo að sjálfstæði Íslands og velferð samferðamanna verði traust til framtíðar. Framlögum okkar til þróunar- og mannúðarmála er ekki eingöngu ætlað að bæta líf þeirra sem minna mega sín í fátækum og stríðs-hrjáðum ríkjum heldur einnig að hlúa að friði og sjálfbærri sameiginlegri framtíð.

Til að sinna svo fjölbættum verkefnum er nauðsynlegt að forgangsraða eftir því sem þörf krefur og sýna sveigjanleika í öllum okkar störfum. Þegar hefur mörgum af þeim tillögum sem settar voru fram í áður nefndri skýrslu verið hrint í framkvæmd. Það sýnir að sveigjanleiki er sannarlega fyrir hendi. Skýr markmiðasetning og árangursstjórnun á grundvelli laga um opinber fjármál gerir utanríkisþjónustunni kleift að forgangsraða enn betur og veitir nauðsynlegt aðhald.

Þrátt fyrir væringar á vettvangi innlendra stjórnmála hefur stefnufesta ríkt í utanríkismálum. Við stjórnarskipti verða nokkrar áherslubreytingar en í grundvallaratriðum hafa Íslendingar lengi verið sammála um utanríkisstefnu sem tryggir viðskipta-hagsmuni og öryggi þjóðar og stendur vörð um lýðræði og mannréttindi. Áherslur núverandi ríkisstjórnar endurspeglast í framlögum þessa árs og fjármálaáætlun til næstu ára. Auknum fjármunum verður varið í hagsmunagæslu í tengslum við EES-samninginn og framlög til þróunar- og mannúðarmála verða aukin til muna, svo dæmi séu tekin.

Þó koma tímar þar sem álagið eykst tímabundið og breytt forgangs röðun dugir ekki til. Þannig verður staðan á næsta ári þegar Ísland verður í forystu í norrænu samstarfi, í Norðurskautsráðinu og leiða vinnu Norðurlanda og Eystrasaltsríkja í Alþjóðabankanum, auk þess að eiga sæti í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna. Við munum takast á við öll þessi verkefni af alúð og ánægju enda eru þau hluti af einstaklega góðu samstarfi okkar við nágrannalönd og alþjóðastofnanir. Aukin útgjöld fylgja slíkri vinnu en þau skila sér margfalt í þeim ávinningi sem Ísland hefur af samstarfinu.

Í störfum mínum undanfarna mánuði hef ég fundið glögg að Ísland á sterkari rödd á alþjóðavettvangi en stærð lands og þjóðar gefur tilefni til. Mér er annt um að svo verði áfram og mun ekki láta mitt eftir liggja í þeim stóru verkefnum sem framundan eru.

Guðlaugur Þór Þórðarson
utanríkisráðherra

Bent er á að ársskýrslur ráðherra eru birtar með fyrirvara þar sem ríkis-reikningur ársins lá ekki fyrir við gerð þeirra. Mögulegt er að fjárhæðir muni breytast lítillega við lokafrágang ríkisreiknings og verða skýrslurnar uppfærðar eftir því sem við á.

Í ársskýrslum ráðherra eru niðurstöður sýndar sem gjöld að fráðregnum rekstrartekjum. Hins vegar eru uppgjörstölur í frumvarpi til fjárlaga birtar með þeim hætti að afskriftir ársins eru dregnar frá útgjöldum málefna sviða og málaflokka og fjárfestingum ársins bætt við, en með því fæst skýrari samanburður við fjárheimildir samkvæmt fjárlögum.

Inngangur

Störf utanríkisþjónustunnar falla öll undir eitt málefna svið, *Utanríkismál*, sem er afar fjölbætt. Varnar- og öryggismál, utanríkisviðskipti, þróunarsamvinna og almenn utanríkismál eru viðfangsefni sem mörg önnur ríki kjósa að vinna í aðskildum ráðuneytum. Í mörg horn er að líta en nokkur samlegðaráhrif nást með fjölbættu starfi eins ráðuneytis. Náðið samstarf við nágrannaríki og bandalagsþjóðir eykur skilvirkni og það sama á við um samráð innan stjórnarráðsins um alþjóðleg málefni.

Árið 2017 var unnið samkvæmt þeim markmiðum sem sett höfðu verið árið 2016 en jafnframt var ráðist í nokkra endurskipulagningu í kjölfar stjórnarskipta.

Útgjöld til utanríkismála hafa að miklu leyti verið óbreytt um árabíl og á síðastliðnu ári varð ekki breyting þar á, ef útgjöld til þróunarmála og varnarmála eru undanskilin. Ef tekið er tillit til verkefna sem áætluð voru árið 2016 en komu til framkvæmdar árið 2017, var rekstur almennrar starfsemi utanríkisþjónustunnar og sendiráða undir áætlun og drögust framlög raunar saman um 2,4% á föstu verðlagi ársins 2017 frá árinu á undan.

Alþjóða- og svæðasamstarf fer fram bæði í ráðuneytinu og í fastanefndum og sendiráðum erlendis. Norræn samvinna er fastur liður í þeim störfum og aukin áhersla hefur verið lögð á norðurslóðasamstarf á undanföllum árum. Þær áskoranir sem alþjóðasamfélagið stendur frammi fyrir kalla á nánari samvinnu innan Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðastofnana. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru fyrirferðarmikil í því samstarfi enda er þeim ætlað að leiða alþjóðasamfélagið í átt að sameiginlegum lausnum. Enn fremur hefur verið lögð aukin áhersla á mannréttindi í störfum utanríkisþjónustunnar og er kjör Íslands í mannréttindaráðið til merkis um það.

Framlög til varnarmála hafa aukist í takt við breytt landslag í álfunni og skýra kröfu samstarfsþjóða þar um. Sérstök varnarmálaskrifstofa var endurreist í utanríkisráðuneytinu á

síðasta ári sem endurspeglar áhersluna á varnar- og öryggismál og virka þátttöku okkar í öryggissamstarfi vestrænna þjóða. Skrifstofan hefur að bakhjarli Þjóðaröryggisráð og þjóðaröryggisstefnu sem nær jafnt til virkrar utanríkisstefnu, varnarstefnu og almannaöryggis. Í samræmi við stefnuna er unnið markvisst að því að tryggja varnir landsins og styrkja samstarfið innan Atlantshafsbandalagins.

Núverandi ríkisstjórn hefur einnig einsett sér að hækka framlög til þróunarmála svo um munar til að stuðla að bættum lífsgæðum íbúa fátækra ríkja og öryggi á alþjóðavettvangi. Ófriður hefur illu heilli valdið aukinni þörf á mannúðaraðstoð og hafa íslensk stjórnvöld svarað því kalli með auknum framlögum til alþjóðastofnana og móttöku flóttamanna heima fyrir. Ný þróunarsamvinnustefna verður lögð fyrir Alþingi í haust en á síðasta ári var unnið samkvæmt fyrri áætlun. Í þróunarsamvinnu verður eftir sem áður miðað að því að nýta íslenska sérþekkingu sem best og frekari áhersla verður nú lögð á að vinna með atvinnulífínu.

Utanríkisviðskipti eru lykillinn að velsæld Íslands og mun utanríkisþjónustan áfram leitast eftir að greiða leið íslenskra fyrirtækja á erlendri grundu. Aukin áhersla ríkisstjórnarinnar á hagsmunagæslu í tengslum við EES-samninginn birtist í aðgerðum sem verið er að hrinda í framkvæmd á þessu ári og endurspeglast því ekki í reikningum síðasta árs. Einnig varð sú breyting á þessu ári að rekstrarformi Íslandsstofu var breytt til að bæta virka útflutningsþjónustu við íslensk fyrirtæki. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að auka samráð við atvinnulífðið til þess að utanríkisþjónustan geti staðið undir nafni.

Viðfangsefni utanríkisþjónustunnar eru sum þess eðlis að erfitt getur reynt að meta hvort raunverulegur árangur hafi náðst. Þó er unnið að því að bæta markmiðasetningu og mælikvarða sem settir eru fram í samræmi við lög um opinber fjármál. Það mun auka aðhald með störfum ráðuneytisins og gera utanríkisþjónustunni kleift að sinna

Málefнасvið

Eitt málefnasvið er á ábyrgð utanríkisráðherra af 34 málefnasviðum stjórnarráðsins og er það málefnasviðið *Utanríkismál*. Fjárheimildir ársins 2017 voru 13.148,5 m.kr. og jukust um 306,2 m.kr. frá árinu á undan. Auknar fjárheimildir skýrast aðallega af tveimur þáttum. Annars vegar voru fjárheimildir hækkaðar vegna samningsbundins samstarfs um öryggis- og varnarmála og hins vegar voru fjárheimildir til þróunarsamvinnu hækkaðar í samræmi við stjórnarsáttmála þáverandi ríkisstjórnar. Raunútgjöld málefnasviðsins námu 12.682,3 m.kr. á síðasta ári samanborið við 13.148,5 m.kr. fjárheimildir ársins. Það var því 552,7 m.kr. afgangur á rekstrinum sem að stórum hluta flyst á milli ára.

Utanríkisráðherra ber ábyrgð á málefnasviðinu *Utanríkismál* en mikil samvinna fer fram við önnur ráðuneyti um verkefni sem falla undir málefnasviðið. Verkefni málefnasviðsins skiptast á fimm málaflokka: utanríkisþjónusta og stjórnarsýsla utanríkismála, *utanríkisviðskipti*, *samstarf um öryggis- og varnarmál*, *þróunarsamvinna* og *samningsbundin framlög vegna fjölþjóðasamstarfs*.

Hér á eftir verður fjallað um hvern málaflokk sem fellur undir málefnasviðið *Utanríkismál* og árangur af ráðstöfun fjármuna til hans. Einnig verður birt yfirlit yfir frávik og árslokastöðu ríkisaðila sem falla undir málaflokkinn, ásamt flutningi fjárheimildar milli ára 2017 til 2018.

Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða

Einn varasjóður er fyrir málefnasviðið *Utanríkismál* og fellur hann undir málaflokkinn *Utanríkisþjónusta og stjórnarsýsla utanríkismála*. Í upphafi árs 2017 var hann 97 m.kr. Var honum öllum ráðstafað á fjárlagaliðinn 03-101-101 *aðalskrifstofa utanríkisráðuneytisins*, til þess að mæta óvæntum útgjöldum m.a. vegna nýrra verkefna.

Í töflunni hér fyrir neðan kemur fram með hvaða hætti varasjóði málaflokks *Utanríkisþjónusta og stjórnarsýsla utanríkismála* var ráðstafað. Vakin er athygli á því að tölurnar sem birtast í töflunum hér á eftir yfir niðurstöður rekstrar ársins 2017 eru bráðabirgðar tölur þar sem ríkisreikningur 2017 hefur ekki verið lagður fram þegar þetta er skrifað.

4.10 Utanríkisþj. Og stjórnarsýsla utanrík.mála	Upphæð í m.kr.
Staða varasjóðs í upphafi árs	97
03-101-101 Aðalskrifstofa	97
Staða varasjóðs í lok árs	0

Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu

Heildaráætlanir fyrir málefnasviðið gerðu ráð fyrir 13.148,5 m.kr. útgjöldum árið 2017 en útgjöld ársins urðu 12.616 m.kr. þegar upp var staðið eða sem nemur 533 m.kr. undir áætlun. Þegar tekið er tillit til ónýtttra fjárheimilda sem fluttar voru frá árinu 2016, og námu 792 m.kr. var heildarniðurstaða ársins 1.324 m.kr. undir áætlunum.

Mest eru frávikin á málaflokknum *Þróunarsamvinna* er þar voru útgjöldin 642 m.kr. undir áætlunum ársins og þegar tekið hefur verið tillit til ónýtttra fjárheimilda frá fyrra ári er uppsafnað frávik 1.116 m.kr. Heildarfrávik málefnasviðsins eru því nánast að öllu leyti vegna ónýtttra fjárheimilda á sviði þróunarsamvinnu. Ástæða þessa er að mestu leyti að upp komu spillingarmál í samstarfsríkjum sem gerðu það að verkum að nauðsynlegt reyndist að stöðva, tímabundið, greiðslur til verkefna.

Tafir hafa orðið á nokkrum verkefnum sem falla undir *Samstarf um öryggis- og varnarmála*, og má þar helst nefna að tafir hafa orðið á uppsetningu fjarskiptabúnaðar. Uppsafnaðar fjárheimildir í þeim málaflokki eru í lok árs 154 m.kr.

Að lokum má nefna að útgjöld málaflokksins *utanríkisþjónusta og stjórnarsýsla utanríkismála* voru 175 m.kr. umfram fjárheimild í fjárlögum ársins 2017. Þegar tekið hefur verið tillit til fluttra fjárheimilda frá árinu á undan 253 m.kr. er heildarniðurstaða ársins sú að heildar útgjöld eru 78 m.kr. undir fjárheimildum. Í töflunni hér fyrir neðan er yfirlit yfir raunútgjöld ársins miðað við áætlun ársins ásamt frávikum.

Málaflokkar	Raun	Áætlun ársins	Frávik innan ársins	Frávik %	Flutt frá fyrra ári	Uppsafn frávik	Frávik %
04 Utanríkismál	12.616	13.149	-533	-4,1%	792	-1.324	-10%
0410 - Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála	4.942	4.768	175	3,7%	253	-78	-2%
0420 - Utanríkisviðskipti	686	686	0	0,0%	0	0	0%
0430 - Samstarf um öryggis- og varnarmál	1.356	1.445	-89	-6,2%	64	-154	-11%
0440 - Þróunarsamvinna	4.092	4.733	-642	-13,6%	475	-1.116	-24%
0450 - Samningsbundin framlög vegna fjölþjóðasamstarfs	1.540	1.516	24	1,6%	0	24	2%


Í töflunni sem kemur hér á eftir gefur svo að líta yfirlit yfir ríkis- aðila eða fjárlagaliði og uppsafnað frávik frá áætlun fyrir hvern þeirra. Eins og kemur fram í töflunni þá eru allir fjárlagaliðir undir áætlun nema framlög til alþjóðastofnana en útgjöld vegna þeirra breytast innan ársins og eru háð breytingum

sem erfitt er að hafa áhrif á, svo sem gengi krónunnar, vergri landsframleiðslu og vergum þjóðartekjum.

Af ónýttum fjárheimildum í árslok 2017 má reikna með að 1.270 m.kr. verði fluttar á milli ár þar sem um er að ræða verkefni sem hafa tafist en unnið er að á yfirstandandi ári.

Málaflokkar - Ríkisaðilar	Uppsafn frávik	Frávik %
4.10 Utanríkisþj. og stjórns. utanríkismála	-78,1	-1,6
3-101 Utanríkisráðuneytið, aðalskrifstofa	-34,0	-2,3
3-111 Þýðingarmiðstöð utanríkisráðuneytis	-2,0	-0,6
3-190 Ýmis verkefni	-13,1	-12,1
3-300 Sendiráð Íslands	-29,1	-1,0
4.20 Utanríkisviðskipti	0	0
3-611 Íslandsstofa	0	0,0
4.30 Samstarf um öryggis- og varnarmál	-153,5	-11,3
3-213 Varnarmál	-153,5	-11,3
4.40 Þróunarsamvinna	-1.116,4	-27,3
3-390 Alþjóðlega þróunarsamvinna	-1.116,4	-27,3
4.50 Samningsb.framlög v. fjölþj. samstarfs	23,6	1,5
3-401 Alþjóðastofnanir	23,6	1,5
4.40 Samtals	-1.324,4	-10,5

Uppsöfnuð frávik / áætluð árslokastaða – Ríkisaðila og verkefna



Umfjöllun um ávinning af ráðstöfun fjármuna

Með fjármálaáætlun 2017 – 2021 og fjárlagafrumvarpi ársins 2017 sem grundvallað er á þeirri fjármálaáætlun er í fyrsta

skipti sett fram markmið og aðgerðir til að ná þeim markmiðum fram fyrir hvert málefna svið og málaflökka.

4.1 Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála

Í fjárlögum fyrir árið 2017 voru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflökk 4.1 Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála.

- 1 Að standa betur vörð um hag íslenskra ríkisborgara sem dvelja erlendis** um lengri eða skemmri tíma og byggja upp og viðhalda tengslum við íslenska ríkisborgara erlendis.
- 2 Að standa betur vörð um grunnildi utanríkisstefnu Íslands**, lýðræði og virðingu fyrir réttarríkinu og alþjóðalögum, mannrétti og verndun mannréttinda, jafnrétti allra, sjálfbæra þróun, afvopnun og friðsamlega lausn deilumála.
- 3 Að standa betur vörð um sértæka hagsmuni Íslands**, sérstaklega hvað varðar hafrétt og sjálfbæra nýtingu auðlinda, meðal annars á norðurslóðum.

Samkvæmt lögum um utanríkisþjónustu Íslands er eitt af grunnhlutverkum hennar að veita íslenskum ríkisborgurum vernd og aðstoð gagnvart erlendum stjórnvöldum, stofnunum og einstaklingum skv. markmiði 1.

Grunnur að friði, öryggi og lífsgæðum almennt byggir á lýðræði og virðingu fyrir réttarríkinu og alþjóðalögum, afvopnun og friðsamlegri lausn deilumála og mannrétti og verndun mannréttinda, jafnrétti allra og sjálfbærri nýtingu auðlinda og vernd umhverfisins.

Í stefnuyfirlýsingu þáverandi ríkisstjórnar er meginmarkmið utanríkisstefnu að gæta hagsmuna lands og þjóðar á alþjóðavettvangi. Hér á eftir verður fjallað um árangurinn af markmiðunum, hver reynslan hefur verið af þeim og hvað betur má fara.

Í töflunum hér á eftir er yfirlit yfir markmið, mælikvarða tengdum þeim, ásamt aðgerðum til að ná umræddum markmiðum málaflöksins.

Tafla 6:

Markmið - yfirlit yfir stöðu mælanlegra markmiða

Nr. Markmið	Mælikvarðar	Staða 2016	Markmið 2017	Árangur 2017
1. Að standa vörð um hag íslenska ríkisborgara sem dvelja erlendis um lengri eða skemmri tíma með því að bæta þjónustu við Íslendinga erlendis og byggja upp og viðhalda tengslum við íslenska ríkisborgara erlendis.	<p>Þeir sem leita til borgaraþjónustunnar eru ánægðir með þjónustuna.</p>	<p>Mælingar hafa ekki verið framkvæmdar. Utanríkisráðuneytið mun skoða hvernig hægt er að mæla þetta .</p>	Engin markmið sett.	
	<p>Regluleg og góð upplýsingamiðlun um öryggi á ferðalögum erlendis, m.a. á samskiptamiðlum (á skalanum 1 - 5).</p>	3	5	5
	<p>Viðbrögð við neyðarástandi erlendis eru samræmd með öðrum Norðurlöndum og viðbragðsaðilum innanlands og æfð reglulega (á skalanum 1-5) .</p>	4 - Æfing með NL fór fram í apríl 2015.	5	4 - Engin æfing var haldin, þar sem erfitt var finna heppilega tímasetningu sem hentaði öllum.
2. Að standa betur vörð um grunnildi utanríkisstefnu Íslands, lýðræði og virðingu fyrir réttarríkinu og alþjóðalögum, mannúð og verndun mannréttinda, jafnrétti allra, sjálfbæra þróun, afvopnun og friðsamlega lausn deilumála.	<p>Utanríkisþjónustan nýti þau tækifæri sem gefast til að tala fyrir grunnildum í utanríkisstefnu Íslands (á skalanum 1 - 5).</p>	4 - Stuðningur Íslands við fjölþjóðlegar aðgerðir gegn aðilum sem virða ekki þjóðarétt. Innleiðing þjóðréttarlegra skuldbindinga. Hvoru tveggja er stöðugt sinnt.	5	Þriðja landsáætlun um UNSCR 1325 á lokastigi og jafnréttisáherslum haldið á lofti, m.a. með skipulagningu rakarastofuráðstefna.Unnið að framkvæmd þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland sem byggir á þessum grunnildum.
	<p>Í alþjóðlegu og svæðisbundnu samstarfi er tekið mið af grunnildum í utanríkisstefnu Íslands (á skalanum 1 - 5).</p>	4	5	Undirbúningur fyrir formennsku Íslands í Norður-skautsráði og Norrænu ráðherranefndinni gefur tækifæri til að tala fyrir áherslum Íslands.
3. Að standa betur vörð um sértæka hagsmuni Íslands, sérstaklega hvað varðar hafrétt og sjálfbæra nýtingu auðlinda, meðal annars á norðurslóðum.	<p>Utanríkisþjónustan nýtir þau tækifæri sem gefast í tvíhliða og marghliða samskiptum til að vekja athygli á hagsmunum Íslands (á skalanum 1- 5).</p>	4	5	4
	<p>Í alþjóðlegu og svæðisbundnu samstarfi er tekið mið af sjónarmiðum Íslands (á skalanum 1 - 5).</p>	4	5	4 - undir-búningur formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni sem og í Norðurskautsráðinu gefur tækifæri til að tala fyrir áherslum Íslands.

Tafla 7: Aðgerðir - yfirlit yfir stöðu aðgerða

Tengist markmiði nr.	Aðgerð	Ábyrgðaraðili	Tímaáætlun	Staða
1	Styrkja starfsemi sendiskrifstofa með fjölgun starfsfólks og betri búnaði, m.a. til að taka á móti vegabréfsumsóknnum.	UTN	2018	Búnaður kominn á allar nema 3 skrifstofur. Engin fjölgun starfsfólks á árinu 2017 vegna þessa.
1	Nýta betur samfélagsmiðla og nýja tækni, einkum varðandi upplýsingagjöf og samskipti við Íslendinga erlendis.	UTN	2017	Í vinnslu.
1	Styrkja viðbragðsgetu ráðuneytisins og sendiskrifstofa í neyðartilvikum erlendis.	UTN	2017	Í vinnslu.
1	Ljúka við gerð samkomulags við Ríkislög-reglustjóra um viðbrögð við neyðarástandi erlendis og halda æfingu.	UTN	2017	Samningi lokið. Æfing ekki verið haldin.
1	Ganga frá samkomulagi við Noreg um ferðaviðvaranir	UTN	2017	Lokið 2016.
2 og 3	Styrkja starfsemi utanríkisþjónustunnar og þátttöku í alþjóða- og svæðabundnu samstarfi.	UTN	2017	Í vinnslu 50% lokið.
2	Stuðla að aukinni þátttöku karla í kynjajafnréttisumræðunni.	UTN	2017 - 2021	Í vinnslu 50% lokið.
2	Nýta vel öll tækifæri sem gefast til að koma á framfæri áherslum í ályktun Öryggisráðs SP nr. 1325 um konur, frið og öryggi	UTN	2017 - 2021	Í vinnslu 80% lokið.
2 og 3	Samræma starfsemi aðila á Íslandi um málefni hafsins með nýrri stöðu sérstaks erindreka.	UTN	2017 - 2019	Lokið
2 og 3	Vinna að markmiðum Parísarsamkomulagsins um loftslagsmál.	UTN	2017 - 2021	Í vinnslu Á forræði UAR .
3	Tryggja hagsmuni Íslands í samningaviðræðum við ESB og Noreg um innri skiptingu ábyrgðar í loftslagsmálum.	UTN	2017	Í vinnslu á forræði UAR.
2 og 3	Standa vel að formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu 2019 - 2021 og nýta þau tækifæri sem felast í henni.	UTN	2017 - 2021	Í vinnslu - undirbúningur gengur skv. áætlun.
2	Tryggja virka þátttöku í norrænu samstarfi, m.a. á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar.	UTN	2017 - 2021	Í vinnslu undirbúningur gengur skv. áætlun.
2 og 3	Styðja við fjölþjóðlegar aðgerðir gegn aðilum sem virða ekki þjóðarétt.	UTN	2017 - 2021	Í vinnslu (viðvarandi verkefni).
2	Innleiða þjóðréttarlegar skuldbindingar og samræma íslenska löggjöf að þeim.	UTN	2017 - 2021	Í vinnslu (viðvarandi verkefni).

4.2 Utanríkisviðskipti

Hlutverk utanríkisþjónustunnar er fyrst og fremst að gæta efnahags- og viðskiptahagsmuna Íslands erlendis. Gróft áætlað var um fjórðungi fjárheimilda ráðuneytisins varið í slík verkefni árið 2017 og má leiða líkum að því að það sama eigi við um árið 2018. Að meðaltali snýr þriðjungur af starfsemi sendiskrifstofa að viðskipta- og menningarmálum. Málaflokkurinn, eins og hann er skilgreindur í fjárlögum, tekur þó einungis til framlaga markaðsgjalds til Íslandsstofu, 686 m.kr. Allur annar kostnaður sem fellur til vegna utanríkisþjónustunnar fellur undir málaflokkinn *Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála*.

Í fjárlögum 2017 voru skilgreind þrjú markmið tengd utanríkisviðskiptum. Undir málaflokkinn fellur Íslandsstofa, en hún tengist með beinum hætti einungis markmiði 2 hér að neðan.

1. Bæta aðgengi íslensks atvinnu- og menningarlífs

að erlendum mörkuðum og efla samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja.

2. Styrkja kynningar- og markaðsstarf í samvinnu

fyrirtækja og hins opinbera.

3. Innleiða allar reglur EES-samningsins tímanlega

svo að tryggt sé að íslenskt atvinnulíf búi alltaf við sömu reglur og samkeppnisaðilar á EES-markaði.

Hér á eftir verður fjallað um árangurinn af markmiðunum, hver reynslan hefur verið af þeim og hvað betur má fara. Viðskiptaskrifstofa hefur haldið áfram að greina hagsmunni Íslands hvað varðar þróun fjölþjóðlegra viðskiptasamninga sem Ísland er ekki aðili að, þ.á.m. samning Kyrrhafsríkja (TPP)

og samninga ESB, m.a. við Japan og Kanada. Ný viðskiptastefna Bandaríkjanna hefur skapað mikla óvissu varðandi hvornig best sé að tryggja aðgang að þeim markaði.

Viðskiptaþjónustan vinnur að kynningar- og markaðsstarfi í samvinnu við Íslandsstofu. Ný lög um Íslandsstofu voru samþykkt í júní 2018 og nú stendur til að endurskoða þjónustusamninginn milli hennar og stjórnvalda.

Miðlægur EES gagnagrunnur hefur bætt til muna aðhald og eftirfylgni við upptöku og innleiðingu á EES gerðum. Gagnagrunnurinn og fjárveitingar til að styrkja fagráðuneyti á sviði EES hafa verið mikilvæg skref í áttina að því að draga enn frekar úr innleiðingarhallanum. Töluverður árangur hefur náðst á því sviði frá vormánuðum 2017 en þá var innleiðingarhallinn 2,1%, á haustmánuðum var hann kominn í 1,8% og nú er hann undir 1%. Með tafarlausri innleiðingu má tryggja að íslenskt atvinnulíf búi alltaf við sömu reglur og samkeppnisaðilar á EES-markaði. Viðskiptaskrifstofa hefur lagt áherslu á að efla hagsmunagæslu Íslands við mótun EES-gerða, m.a. með fjölgun fulltrúa fagráðuneyta í Brussel.

Sérfræðingar viðskiptaskrifstofu ásamt viðkomandi sendiráðum og fulltrúum fagráðuneyta hafa unnið hörðum höndum að undirbúningi undir samninga-viðræður sem leiða af brotthvarfi Bretlands úr ESB.

Þróun útflutningsverðmæta vöru og þjónustu var nokkuð undir settu markmiði ársins. Frávikíð skýrist að mestum hluta af áhrifum sterkrar krónu á útflutningsverðmæti í íslenskum krónum.

Í töflunum hér á eftir er yfirlit yfir markmið, mælikvarða tengdum þeim, ásamt aðgerðum til að ná umræddum markmiðum málaflokksins.

Tafla 8:

Markmið - yfirlit yfir stöðu mælanlegra markmiða

Nr. Markmið	Mælikvarðar	Staða 2016	Markmið 2017	Árangur 2017
1. Bæta aðgengi íslensk atvinnu- og menningarlífs að erlendum mörkuðum og efla samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja.	Árangur í því að koma íslenskum hagsmunum á framfæri í tvíhliða, marghliða og alþjóða-viðskiptasamningum (á skalanum 1-5).	Ekki til mælingar.	Unnið að því að þróa áfram.	Unnið áfram að því að bæta aðgengi að erlendum mörkuðum. Bæði í gegnum viðskipta-samninga og viðskipta-þjónustuna.
	Að utanríkisþjónustan og Íslandsstofa séu ákjósanlegri þjónustuaðilar fyrir þá sem vilja koma sér á framfæri á erlendum mörkuðum.	Ekki til mælingar.	Unnið að því að þróa áfram.	Vinna í gangi - stofnun nýrrar Íslandsstofu og gerð nýs þjónustu-samnings milli VUR og ÍS.
	Ánægja fyrirtækja og hagaðila með þjónustu utan-ríkisþjónustunnar og Íslandsstofu (á skalanum 1-5).	Ekki eru til mælingar.	Unnið að því að þróa áfram.	Unnið áfram að þróun mælikvarða.
2. Styrkja kynningar- og markaðsstarf í samvinnu fyrirtækja og hins opinbera.	Útflutningsverðmæti vöru og þjónustu sé komið yfir 2.000 ma.kr. árið 2030.	1.188,7 ma.kr.	1.300 ma.kr.	1.098 ma.kr.*
	Jákvætt viðhorf og aukin vitund á völdum erlendum markaðssvæðum og markhópum gagnvart íslenskri vöru og þjónustu, áfangastað og erlendri fjárfestingu.	Ekki til mælingar.	Unnið að þróun mælikvarða.	Unnið áfram að þróun mælikvarða.
	Að Íslandsstofa sé ákjósanlegur samstarfsvettvangur hagaðila í markaðs-sókn á erlendum mörkuðum (á skalanum 1 - 5).	Ekki til mælingar.	Unnið að þróun mælikvarða.	Unnið að formfestingu þjónustu Íslandsstofu við stjórnvöld.
3. Innleiða allar reglur EES-samningsins tímanlega svo að tryggt sé að íslenskt atvinnulíf búi alltaf við sömu reglur og samkeppnisaðilar á EES-markaði.	Lægri innleiðingarhalli.	1,7%	Innan við 1%	Hallinn er 1%
	Allar nýjar gerðir þýddar tímanlega.	Engin töf á innleiðingu vegna þýðinga.	Engin töf á innleiðingu vegna þýðinga.	Nánast engin töf vegna þýðinga.

*Á föstu verðlagi 2012

Tafla 9: Aðgerðir - yfirlit yfir stöðu aðgerða

Tengist markmiði nr.	Aðgerð	Ábyrgðaraðili	Tímaáætlun	Framkvæmt 2017
2 og 3	Tryggja virkari þátttöku Íslands í mótun EES löggjafar með fjölgun starfsmanna.	UTN	2017 - 2018	Lokið að hluta - Mbl. samþykkt í ríkisstjórn, fjárveitingar samþykktar og samráð hafið .
2 og 3	Koma á miðlægum EES gagnagrunni.	UTN	2017	Lokið.
2	Tryggja hagsmuni Íslands í samninga-viðræðum sem leiða af brotthvarfi Bretlands úr ESB m.a. með nægum mannafla.	UTN	2017 - 2018	Í vinnslu.
2	Tryggja hagsmuni Íslands í TISA viðræðum 50 ríkja um þjónustuviðskipti	UTN	2017	Í vinnslu.
2	Greina hagsmuni Íslands sem tengjast þróun fjölþjóðlegra viðskiptasamninga sem Ísland er ekki aðili að, þ.á.m. samning Kyrnhafsríkja (TPP) og samning ESB og Bandaríkjanna (TTIP).	UTN	2017	Í vinnslu.
2	Greiða fyrir viðskiptum við Kína með því að afla tilskilinna heimilda fyrir nýjar vörutegundir inn á kínverska markaðinn, m.a. viðeigandi heimilda matvæla- og heilbrigðiseftirlits Kína.	UTN	2017	Lokið að hluta.
1 og 2	Styrkja og formfesta samstarf sendiskrifstofa og Íslandstofu og efla samstarf við atvinnulífið.	UTN	2017	Í vinnslu - unnið að nýjum samstarfssamningi, ný stöðugildi viðskiptafulltrúa í Japan og Ottawa.
1 og 2	Setja á stofn Útflutnings- og markaðsráð.	UTN	2017	Lokið að hluta.
1 og 2	Marka langtímastefnu er varðar útflutningsaðstoð og markaðssetningu.	UTN	2018	Í vinnslu.
1 og 2	Efla starfsemi sendiskrifstofa svo þær geti tryggt góða þjónustu við ferðamenn á leið til landsins, m.a. varðandi vegabréfsáritanir.	UTN	2017 - 2018	Lokið að hluta - t.d. ný stöðugildi viðskiptafulltrúa í Japan og Ottawa. Aðgerðaáætlun starfshóps um fjölgun afgreiðslu fyrir vegabréfsáritanir í sendiráðum liggur a.m.k. fyrir.
3	Tryggja nægilegar fjárveitingar og mannafla til að þýða allar nýjar EES gerðir tímanlega.	UTN	2017 - 2021	Lokið að hluta.
1 og 2	Styrkja net viðskiptasamninga sem Ísland á aðild að, m.a. með áherslu á samninga um vernd fjárfestinga- og loftferðasamninga.	UTN	2017 - 2021	Í vinnslu.

Tengist markmiði nr.	Aðgerð	Ábyrgðaraðili	Tímaáætlun	Framkvæmt 2017
1 og 2	Styrkja menningarstarf sendiskrifstofa í samstarfi við Íslandsstofu, mennta- og menningarmálaráðuneytið og hagsmunaaðila.	UTN	2017-2018	Í vinnslu.
1 og 2	Koma á fót samræmdum mælingum og rannsóknum til að fylgja eftir árangursvís-um.	UTN	2017	Ekki hafið.
3	Tryggja virka þáttöku Íslands í mótun EES löggjafar með fjölgun starfsmanna	UTN	2017 - 2018	Lokið að hluta - Mbl. samþykkt í ríkisstjórn, fjárveitingar samþykktar og samráð hafið.

4.3 Samstarf um öryggis- og varnarmál

Í fjárlögum 2017 voru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflokkinn.

- 1. Að tryggja að ávallt séu til staðar á Íslandi trúverð-ugar og sýnilegar varnir sem byggja á alþjóðasam- starfi**, einkum á vettvangi Atlantshafsbandalagsins og ÖSE, og á varnarsamningunum við Bandaríkin og virku samstarfi við grannríki á sviði öryggismála.
- 2. Að tryggja rekstur og viðhald íslenska loftvarnar- kerfisins** og annarra kerfa og mannvirkja á Íslandi.
- 3. Að tryggja að til staðar sé fullnægjandi gistirikja- stuðningur, viðbúnaðargeta, sérfræðikunnátta og öryggi** til þess að taka á móti liðsauka á friðartím- um sem og hættu- eða ófriðartímum ef þörf krefur.

Hér á eftir verður fjallað um árangurinn af markmiðunum, hver reynslan hefur verið af þeim og hvað betur má fara.

Frávík frá áætlun að fjárhæð 153,5 m.kr. skýrist af fjórum ástæðum. Í fyrsta lagi hefur uppsetning á fjarskiptabúnaði um borð í varðskipinu Þór tafist og lýkur ekki fyrr en á þessu ári. Í öðru lagi hafa fjárframlög til æfingar Atlantshafsbandalagsins (NATO) Trident Juncture, sem áætluð voru árið 2017, ekki verið nýtt fyrr en á þessu ári. Í þriðja lagi hafa fjárveitingar til sam- stöðuaðgerða Atlantshafsbandalagsins tafist að hluta og ekki nýttar fyrr en 2018. Í fjórða og síðasta lagi hafa fjárveitingar til átaksverkefna Atlantshafsbandalagsins, einkum kostnaður við sprengjueyðingarverkefni í Írak og Jórdaníu, ekki verið nýttar fyrr en á árinu 2018. Öll þessi verkefni eru samningsbundin.

Í töflunum hér á eftir er yfirlit yfir markmið, mælikvarðar tengd- um þeim, ásamt aðgerðum til að ná umræddum markmiðum málaflokksins.

Tafla 10: Markmið - yfirlit yfir stöðu mælanlegra markmiða

Nr. Markmið	Mælikvarðar	Staða 2016	Markmið 2017	Árangur 2017
1. Að tryggja að ávallt séu til staðar á Íslandi trúverðugar og sýnilegar varnir sem byggja á alþjóðasamstarfi, einkum á vettvangi NATO og ÖSE, og á varnarsamningunum við Bandaríkin og virku samstarfi við grannríki á sviði öryggismála.	Árangur í að koma íslenskum sjónarmiðum í öryggis- og varnarmálum á framfæri (á skalanum 1 - 5).	3	4	Auknar áherslur á mikilvægi Íslands í öryggis- og varnarsamstarfinu hafa orðið til þess að NATO og bandalagsþjóðir hafa gert auknar kröfur um viðbúnaðargetu á Íslandi.
	Hlutfall fjárveitinga og styrkja til framkvæmda hér á landi úr sjóðum Atlantshafsbandalagsins og með vísan til varnarsamnings.	20%	25%	25%
2. Að tryggja rekstur og viðhald íslenska loftvarnarkerfisins og annarra kerfa og mannvirkja á Íslandi.	Áreiðanleiki (e. availability) kerfa og viðhald þeirra sé í samræmi við staðla og reglur NATO (hversu hátt hlutfall af tíma kerfin virka).	Mælingar ekki til.	90%	+90%
	Fjöldi athugasemda úr gæðaeftirlitsskoðunum Landhelgisgæslu og stofnana NATO.	Engar athugasemdir.	Engar athugasemdir.	Fjölgað.
	Fjöldi kerfa NATO sem aðgangur er að hér á landi	Lágmarks aðgangur.	Lágmarks aðgangur.	Fjölgun.
3. Að tryggja að til staðar sé fullnægjandi gistiríkjastuðningur, viðbúnaðargeta og öryggi til þess að taka á móti liðsauka á friðartímum sem og hættu- eða ófriðartímum ef þörf krefur.	Fjöldi athugasemda úr gæðaeftirlitsskoðunum Landhelgisgæslu og stofnana NATO.	Ásættanlegt.	Ásættanlegt.	Ásættanlegt.
	Fjöldi gistirýma innan öryggissvæðisins.	200	200	200

Tafla 11: Aðgerðir - yfirlit yfir stöðu aðgerða

Tengist markmiði nr.	Aðgerð	Ábyrgðaraðili	Tímaáætlun	Framkvæmt 2017
1	Tryggja virka þátttöku Íslands í starfi NATO, ÖSE, NORDEFECO og SP á sviði öryggis- og varnarmála.	UTN	2017 - 2021	Í vinnslu.
1	Tryggja nægar fjárveitingar til málaflokksins bæði frá íslenska ríkinu og NATO í samræmi við skuldbindingar.	UTN/Landhelgigæslan	2017 - 2021	Í vinnslu.
1	Uppfæra varnaráætlun NATO fyrir Noreg, Ísland og Norður-Atlantshafið og æfa Trident Juncture, í október 2018. Stefnt er að því að hluti þeirrar varnaræfingar far fram á og umhverfis Ísland.	UTN/Landhelgigæslan	2017 - 2018	Í vinnslu.
2	Viðhalda varnarmannvirkjum og kerfum á Íslandi, þ.m.t. að uppfæra ratsjárkerfið og stjórnstöðvarkerfið (ACCS).	UTN/Landhelgigæslan	2017 - 2020	Í vinnslu.
2	Tryggja rekstur og reglubundið viðhald tækja og kerfa sem tengjast þátttöku Íslands í samþættu loftrýmiseftirliti og loftrýmisgæslu NATO við Ísland og eftirliti með hafinu, þ.m.t. að uppfæra ratsjárkerfið og stjórnstöðvarkerfið.	UTN/Landhelgigæslan	2017 - 2021	Í vinnslu.
2	Auka þjálfun og færni starfsmanna sem vinna að loftrýmisgæslu og rekstur ratsjárkerfa.	UTN/Landhelgigæslan	2017 - 2020	Í vinnslu.
3	Styrkja starfsemi Landhelgigæslu Íslands á öryggissvæðinu til að takast á við aukningu í loftrýmisgæslu og varnartengdum verkefnum.	UTN/Landhelgigæslan	2017 - 2020	Í vinnslu.
3	Bæta aðbúnað, öryggi og fjölga gistirýmum á öryggissvæðum.	UTN/Landhelgigæslan	2017 - 2021	Í vinnslu.

4.4 Þróunarsamvinna

Markmið sem skilgreind eru í fjárlögum 2017 fyrir málaflokkinn þróunarsamvinna taka mið af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Yfirmarkmiðið er að draga úr fátækt og stuðla að almennri velferð á grundvelli jafnréttis og sjálfbærrar þróunar með því að:

- 1. Bæta lífsskilyrði og auka tækifæri fátæks fólks** með sterkari félagslegum innviðum í samstarfslöndum, með jafnrétti að leiðarljósi.
- 2. Bæta fæðuöryggi og hagþróun á grundvelli jafnaðar** og sjálfbærrar auðlindanýtingar í samstarfslöndum.
- 3. Auka viðnámsþrótt og getu samfélaga til endurreisnar** með mannúðaraðstoð og starfi í þágu friðar.

Hér á eftir verður fjallað um árangurinn af markmiðunum, hver reynslan hefur verið af þeim og hvað betur má fara.

Unnið hefur verið að gerð mælikvarða tengdum ofangreindum markmiðum og eru þeir tilgreindir í fjárlögum 2017. Erfitt reyndist að tengja árangur í einstökum þróunarverkefnum við þrjú meginmarkmið í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands sem eru yfirgripsmikil og taka til margra þátta. Þá hafa meginmarkmiðin tekið breytingum í drögum að tillögu til þingsályktunar um stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu

Íslands 2019-2023. Undirbúningur er hafinn á gerð árangursstjórnunarkerfis í alþjóðlegri þróunarsamvinnu þar sem unnið verður að endurbótum á markmiðasetningu og árangursvísunum. Stefnt verður að því að ljúka þessu þróunar- og lærdómsferli á haustmánuðum 2018 og að greint verði betur frá framgangi og frávikum í ársskýrslu ráðherra fyrir árið 2018.

Í febrúar 2017 kviknaði grunur hjá ríkisendurskoðun Malaví um spillingu innan Mangochi héraðs – helsta samstarfsaðila Íslands í Malaví. Á sama tíma höfðu skýrsluskil héraðsins vegna Mangochi grunnþjónustuverkefnisins dregist úr hófi fram. Sendiráðið í Lilongve frysti því allar verkefnagreiðslur fram í ágúst, en þá hafði fengist staðfest að framlög Íslands höfðu ekki orðið fyrir áhrifum af spillingarmálum. Til stóð að nýr fasi verkefnisins hæfist í júlí 2017. Vegna fyrrnefnds atviks og ófyrirsjáanlegra tafa á undirskriftum viðkomandi ráðherra, var samningurinn ekki undirritaður fyrr en 8. nóvember. Þess vegna reyndist nauðsynlegt að fresta ýmsum fyrirhuguðum framkvæmdum (útboðum) fram til ársins 2018. Einnig urðu tafir á ýmsum verkefnum í Úganda og í svæðasamstarfi á sviði jarðhita í Austur-Afríku sem leiddi til þess að fresta þurfti ýmsum framkvæmdum til ársins 2018, m.a. verkefnum í Kalangala.

Í töflunum hér á eftir er yfirlit yfir markmið, mælikvarðar tengdum þeim, ásamt aðgerðum til að ná umræddum markmiðum málaflokksins.

Nr. Markmið	Mælikvarðar	Staða 2016	Markmið 2017	Árangur 2017
1. Bæta lífsskilyrði og auka tækifæri fátæks fólks með sterkari félagslegum innviðum í samstarfslöndum, með jafnrétti að leiðarljósi.	Heilsa: Aukið framboð á og bætt aðgengi að grunnheilbrigðisþjónustu í samstarfs-héraði í Malaví, með áherslu á mæðra- og ungbarnaheilsu.	Grunngildi skv. athugun.	4 fæðingar-deildir byggðar, 5 mæðraskýli reist og rafmagns-væðing 10 heilsugæslu-stöðva.	Fæðingardeildir nær alveg tilbúnar (85%) 5 mæðraskýli reist og 6 heilsugæslu-stöðvar rafvæddar.
	Vatn: Aukið hlutfall fátækra með aðgengi að heilnæmu vatni og bættri salernisaðstöðu, í samstarfshéruðum í Malaví, Mósambík og Úganda	Grunngildi skv. athugun	129 nýjar og endurbættar vatnsveitur í Malaví og 15 sólardrífín vatnsveitukerfi í Úganda.	103 nýjar og endurbættar vatnsveitur í Malaví, 15 vatnsveitukerfi í Úganda sem þjóna 40 þús. manns.
	Menntun: Aukin tækifæri og bættur aðbúnaður nemenda í samstarfshéruðum í Malaví og Úganda. Stofnanauppbygging á sviði jafnréttismála í samstarfslöndum Jafnréttisskóla HSP.	Grunngildi skv. athugun.	28 kennslustofur í Malaví, 8 kennarahús í Malaví, 12 kennarahús fyrir 36 kennara í Úganda, endurbætur á 35 kennslustofum í 4 framhaldsskólum í Úganda, 18 útskrifaðir nemendur úr Jafnréttisskólanum.	24 kennslustofur í Malaví, 4 kennarahús í Malaví, 12 kennarahús í Úganda, 35 kennslustofur í framhaldsskólum endurbættar og 18 útskrifaðir nemendur úr Jafnréttisskólanum.
2. Bæta fæðuöryggi og hagþróun á grundvelli jafnaðar og sjálfbærrar auðlindanýtingar í samstarfslöndum.	Fiskimál: Aukin þekking og bætt sjálfbær nýting fiskiauðlinda og uppbygging umhverfisvæns fiskeldis í Mósambík og Úganda. Stofnanauppbygging á sviði sjávarútvegsmála í samstarfslöndum Sjávarútvegsskóla HSP.	Grunngildi skv. athugun.	Fiskeldisstöðin CEPAQ tekin í notkun. 21 útskrifaður nemandi úr Sjávarútvegsskólanum.	Fiskeldisstöðin CEPAQ formlega opnuð í nóvember. 21 útskrifaður nemandi úr Sjávarútvegsskólanum.
	Orkumál: Aukin þekking á möguleikum til nýtingar jarðhita í samstarfslöndum, með áherslu á svæðasamstarf í austanverðri Afríku. Stofnanauppbygging á sviði jarðhitamála í samstarfslöndum Jarðhitaskóla HSP.	Grunngildi skv. athugun.	23 útskrifaðir nemendur úr Jarðhitaskólanum. Jarðhitarannsóknir framkvæmdar í Tansaníu, Eþíópíu, og Djíbútí.	23 útskrifaðir nemendur úr Jarðhitaskólanum. Jarðhitarannsóknir framkvæmdar í Tansaníu, Eþíópíu, og Djíbútí.

Nr. Markmið	Mælikvarðar	Staða 2016	Markmið 2017	Árangur 2017
3. Auka viðnámsþrótt og getu samfélaga til endurreisnar með mannúðaraðstoð og starfi í þágu friðar.	Aukin geta alþjóðlegra áherslustofnana og borgarasamtaka til að takast á við skyndilega og langvarandi neyð á neyðarsvæðum.	Grunngildi skv. athugun.	Ljúka við gerð sex rammamanna við alþjóðlegar áherslustofnanir og eins rammamanna við íslensk borgarasamtök um alþjóðlega mannúðaraðstoð.	Lokið við gerð rammamanna við CERF, OCHA, WFP, UNHCR, UNRWA. Gerð rammamanna við Rauða krossinn á Íslandi lokið að mestu.

Tafla 13: Aðgerðir - yfirlit yfir stöðu aðgerða

Tengist markmiði nr.	Aðgerð	Ábyrgðaraðili	Tímaáætlun	Framkvæmt 2017
1	Stuðningur við mennta-, lýðheilsu-, vatns-, og hreinlætisverkefni í Mangochi héraði í Malaví - Stuðningur við Heimsmarkmið 1,2,3,4,5,6.	UTN	2016-2017 2017 - 2021	2016-17 hlutanum 95% lokið. 2017-21 hlutinn nýhafinn.
1	Stuðningur við mennta-, vatns-, hreinlætisverkefni í Buikwe héraði í Úganda - Stuðningur við Heimsmarkmið 1,2,3,4,5,6.	UTN	2015 - 2020	Verkefni á áætlun.
1	Stuðningur við menntaverkefni Kalangala héraði í Úganda - Stuðningur við Heimsmarkmið 4.	UTN	2016 - 2020	Framgangur lakari 2017 en til stóð.
1	Stuðningur við vatns- og hreinlætisverkefni í Zambesíu fylki í Mósambík - Stuðningur við Heimsmarkmið 3, 6.	UTN	Til ársloka 2017	Lokið - nýtt verkefnaskjal 2018-2020.
1 og 2	Stuðningur við UNU skólana á Íslandi (GEST, GTP, FTP, LRT) - Stuðningur við Heimsmarkmið 4,5,7, 14 og 15.	UTN	NA	Í vinnslu (viðvarandi verkefni).
2	Jarðhitarannsóknir í Austur-Afríku - Stuðningur við Heimsmarkmið 14	UTN	Til ársloka 2017	Í vinnslu 80% lokið.
2	Stuðningur við áætlanir fiskimálaráðuneytis Mósambík - Stuðningur við Heimsmarkmið 14.	UTN	Til ársloka 2017	Lokið.
3	Framlög og liðsafl til áherslu stofnana á sviði mannúðarmála - Stuðningur við Heimsmarkmið 2,5,10,13 og 17.	UTN	NA	Í vinnslu (viðvarandi verkefni).
3	Framlög og liðsafl til borgaralegra starfa hjá ÖSE og stofnunum SP - Stuðningur við Heimsmarkmið 5 og 16.	UTN	NA	Í vinnslu (viðvarandi verkefni).

4.5 Samningsbundin framlög til fjölþjóðasamstarfs

Undir málaflokkinn falla aðildargjöld Íslands vegna fjölþjóðasamstarfs þvert á framangreind verkefni. Framlögin sveiflast nokkuð milli ára og hlutdeild Íslands breytist reglulega í samræmi við reiknireglur hvernar stofnunar. Ekki voru skilgreind sérstök markmið né mælikvarðar fyrir málaflokkinn í fjárlögum

2017. Frávik frá áætluðum útgjöldum voru 23,6 m.kr. og stafa af utanaðkomandi þáttum sem ráðuneytið hefur ekki áhrif á svo sem þróun gengis krónunnar, verga landsframleiðslu og vergar þjóðartekjur.

Útgefið efni

Efni sem tengist efnisþáttum ársskýrslu:

- [Skýrsla utanríkisráðherra til Alþingis](#)
- [Utanríkisþjónusta til framtíðar - hagsmunagæsla í síbreytilegum heimi](#)
- [Fjárlög 2017](#)
- [Fylgirit með fjárlögum 2017](#)
- [Fjárlagafrumvarp 2017](#)
- [Fjármálaáætlun 2017](#)